



TOLLSTJÓRI

Alþingi 1.9.2015

Málsnr.: 1410141

Málalykill: 0.34.3

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2015  
Málsnr. 201411-0022

**Efni: Tillaga Tollstjóra að breytingu á tollalögum, ákvæði um sýnishorn.**

Þann 27. nóvember 2014 skilaði Tollstjóri umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um tollalög (sýnishorn verslunarvöru), 251. mál. Gerðar voru athugasemdir við frumvarpið í umsögninni. Fulltrúar embættisins voru kallaðir á fund efnahags- og viðskiptanefndar þann 11. mars s.l. og mættu fyrir hönd embættisins þau Hörður Davíð Harðarson yfirtollvörður tollafgreiðsludeildar, Sævar Sævarsson lögfræðingur og Oddný Rósa Ásgeirsdóttir lögfræðingur. Á fundinum var óskað eftir tillögum Tollstjóra að breytingum á sýnishornaákvæðum tollalaga.

Embætti Tollstjóra hefur unnið að meðfylgjandi breytingatillögum í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hönnunarmiðstöð Íslands. Vakin er athygli á því að ekki náðist samkomulag um orðalag b-liðar 1. gr. í tillögunni þar sem eitt skilyrði er að frumgerðir og sýnishorn hönnunarvara á þróunarstigi skuli vera sendar hönnuði án greiðslu. Hönnunarmiðstöðin telur að þetta muni útiloka nýja hönnuði frá því að nýta sér fríðindin þar sem þeir njóta ekki enn þess trausts að greiða við framleiðslu. Sjónarmið Tollstjóra er hins vegar að án fjárhæðartakmarkana verði rikissjóður af umtalsverðum tekjum. Sem dæmi má taka ef úr er hannað hér á landi en framleitt erlendis og síðan sent hingað til lands sem einstakur gripur sem á sér ekki hliðstæðu væri væntanlega um hönnun að ræða en ef engin fjárhæðarmörk væru sett yrði tekjutapið umtalsvert fyrir rikissjóð. Fleiri slík dæmi mætti nefna, m.a. sérhannaða bifreið.

*Virðingarfyllst,*  
F. h. Tollstjóra,

*Íris Ösp Ingjaldsdóttir*  
Íris Ösp Ingjaldsdóttir  
deildarstjóri lögfræðideildar tollasviðs  
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík



**Tillaga Tollstjóra að breytingum á tollalögum vegna sýnishorna, unnin í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hönnunarmiðstöð Íslands.**

**Frumvarp til laga**

um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum (sýnishorn verslunarvara).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað 1. málslíð a-liðar 11. tölul. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis sem flutt eru inn af aðila sem skráður er á virðisaukaskattskrá skv. 5. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 enda sé heildarverðmæti sendingar undir 5.000 kr. og sendingin ber með sér að hún innihaldi slík sýnishorn.
- b. Á eftir c-lið 11. tölul. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Frumgerðir og sýnishorn hönnunarvara á þróunarstigi sem ekki eru ætluð til endursölu og send eru hönnuði án greiðslu. Tollstjóri getur krafist þess að innflytjandi afli og leggi fram álit heildarsamtaka hönnuða á Íslandi á því hvort um slíka vöru sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í núgildandi a-lið 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 88/2005, er m.a. kveðið á um að sendingar sem innihalda sýnishorn verslunarvara séu tollfrjálsar ef a) verðmæti þeirra er óverulegt eða b) þær innihalda sýnishorn sem hafa verið gerð ónothæf sem almenn verslunarvara. Ákvæðið er nánar útfært í 1. tölul. 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi, en þar eru sýnishorn sem hafa meira verðmæti en 5.000 kr. ekki talin hafa óverulegt verðmæti. Hingað til hafa frumgerðir hönnunarvöru á þróunarstigi verið felldar undir ákvæði a-liðar um sýnishorn. Hefur slík hönnunarvara ýmist þurft að vera undir verðmætamörkum, gerð ósöluhæf eða hönnuðir hafa greitt af þeim gjöld að öðrum kosti.

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er annars vegar ætlað að skýra ákvæði laganna er varðar sýnishorn verslunarvara betur og hins vegar að koma til móts við íslenska hönnun. Í úrskurði ríkistollanefndar nr. 7/2011 var deilt um hvort verðgildi sýnishorna væri undir viðmiðunarmörkum 1. tölul. 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Nánar tiltekið var í málinu deilt um hvort viðmiðunarmörkin ættu við um hvert sýnishorn fyrir sig eða heildarsafn sýnishorna í einni sendingu. Niðurstaða ríkistollanefndar var sú að viðmiðunarmörkin ættu við um öll sýnishorn í tiltekinni sendingu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að 1. málsl. a-liðar 1. mgr. 6. gr. verði orðaður með þeim hætti að ljóst sé að átt er við heildarverðmæti sýnishorna í hverri sendingu, sbr. fyrrgreindan úrskurð ríkistollanefndar nr. 7/2011 og framkvæmd Tollstjóra hingað til, auk þess sem

viðmiðunarmörk 1. tölul. 41. gr. reglugerðar nr. 630/2008 eru færð inn í lög. Hér þykir rétt að benda á að þegar talað er um heildarverðmæti sýnishorna er átt við verðgildi sýnishornanna sjálfra án flutningskostnaðar. Einnig er hér nýmæli að gera kröfu um að innflytjandi sé skráður á virðisaukaskattskrá í samræmi við 5. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en lítið er svo á að undanþágan geti aðeins gilt um aðila sem eru í rekstri og er lagt til að þessu skilyrði verði bætt inn í lög til að tryggja þá framkvæmd.

Helsta breytingin sem lögð er til með frumvarpinu er þó sú að frumgerðir og sýnishorn hönnunarvöru á þróunarstigi falli undir sérstakan staflíð og sé þar af leiðandi undanþegin gjöldum uppfylli hún skilyrði þess að teljast frumgerð eða sýnishorn hönnunarvöru á þróunarstigi. Sú breyting mun að sjálfsögðu ekki leysa hönnuði undan því að þeir tryggja rétta skráningu í tollskjölum. Til að sending njóti fríðinda samkvæmt tillögnum þarf hún að uppfylla þau skilyrði að innihalda frumgerð hönnunarvöru eða sýnishorn á þróunarstigi, vera send beint til hönnuðar án þess að hann greiði fyrir vöruna og að varan sé ekki ætluð til endursölu. Með hugtakinu „hönnuður“ í skilningi ákvæðisins er átt við hönnuðinn sjálfan og það fyrirtæki sem unnið hefur að hönnun vöru. Þá er lagt til að Tollstjóri geti áskilið að innflytjandi leggi fram álit heildarsamtaka hönnuða á Íslandi á því hvort um frumgerð eða sýnishorn hönnunarvöru á þróunarstigi sé að ræða. Slíkt álit getur þó aðeins verið leiðbeinandi fyrir embætti Tollstjóra við töku stjórnvaldsákvörðunar en hefur ekki bindandi áhrif.

Með frumgerð vöru (e. prototype) er átt við vöru á vöruþróunarstigi sem er hvorki fullunnin vara til endursölu né notuð sem fullunnið sýnishorn. Hún hefur ekkert viðskiptalegt gildi (e. no commercial value). Líkja má frumgerðum við vinnuteikningar. Framleiðsla frumgerða er einungis hluti af ferlinu við að útbúa fullunna vöru til almennrar sölu. Frumgerð getur verið hluti vöru, til dæmis litaprufa eða tillaga að sniði eða formi sem enn er í vinnslu. Frumgerð vöru er send milli hönnuðar og framleiðslufyrirtækis í ferli sem hefur það markmið að nálgast endanlega vöru sem hönnuður sér fyrir sér að verði framleidd. Öflun frumgerða kann að leiða til þess að kostnaður myndist en hún skapar engar beinar tekjur. Í langflestum tilfellum greiðir hönnuður þó ekki fyrir frumgerð vöru á þróunarstigi heldur er yfirleitt samið um innkaupsverð á fullbúinni framleiðsluvöru eftir að vinnlustigi frumgerða er lokið. Þar skiptir ekki máli þótt aðeins hluti þeirra fari að lokum í framleiðslu.

Sýnishorn (sample) hönnunarvöru er hönnunarvara á lokastigum vöruþróunar. Hún hefur ekkert viðskiptalegt gildi (no commercial value). Hún lítur að mestu leyti út eins og endanleg vara en er engu að síður ekki gerð til endursölu. Um getur til dæmis verið að ræða stærðarsýnishorn (size sample), frumframleiðslusýnishorn (pre-production sample), sölumannasýnishorn (salesman sample) eða framleiðslusýnishorn (top sample/shipment sample). Sýnishorn eru eingöngu notuð til prófunar, sölukynningar og markaðssetningar. Oft eru pöntuð fleiri en eitt eintak af sýnishorni vöru og send mismunandi söluaðilum erlendis þar sem kaupendur koma og skoða þau. Sýnishorn koma ekki í magnsendingum og ekki er ástæða til að ætla að hætta sé á að fyrirtæki flytji inn stakar vörur til endursölu undir því yfirskyni að um hönnunarvöru sé að ræða. Meðal alþjóðlegra framleiðanda tíðkast að láta pro forma reikninga fylgja frumgerðum og sýnishornum þar sem virði er áætlað 1-20 bandaríkjadalir á hvert eintak innan sendingar.

Verði frumvarpið að lögum mun verða nauðsynlegt að gera breytingar á ákvæðum reglugerðar 630/2008 og setja þar fram nýjar skilgreiningar til samræmis við ákvæði frumvarpsins.